

1053. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. desember 2010

Mættir voru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Jón Magnússon (JM), Sigríður Stefánsdóttir (SS), Bjarni Þór Sigurðsson (BÞS), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (IÓB), Bjarki Steingrímsson (BS), Birgir Már Guðmundsson (BMG), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Bergur Steingrímsson (BSt) Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Hildur Mósesdóttir (HM), Jóhanna Rúnarsdóttir (JR), Óskar Kristjánsson (ÓK)

Ritari: Helga Árnadóttir sviðsstjóri Rekstar- og fjármálasviðs.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

- Samþykkt að fresta samþykkt fundargerðar þannig að hún verði endurskoðuð fyrir næsta fund. Meirhluti samþykkur.

2. Efnahags- og kjaramál

- KÖJ upplýsti stjórn um stöðu viðræðna. M.a. kom fram:
 - i. Opinberu félögin ætla ekki að mæta á sameiginlegan fund sem átti að halda á morgun fimmtudaginn 9/12.
 - ii. Starfsgreinasambandið gerir kröfu um 200.000 lágmarkslaun
 - iii. Fagnar því að tillögur um skuldaaðlögun fyrir heimilin séu komnar í gegn hjá stjórnvöldum og að lífeyrissjóðirnir komi til með að koma ásættanlega út úr því.
 - iv. Umræður

3. Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn

- | | |
|--------------------------|-------------------------------|
| • Pálín Ósk Einarsdóttir | Vörður tryggingar hf |
| • Hrönn sveinsdóttir | Sendiráð Bandaríkjanna |
| • Anna Kristín Fengar | Lífeyrissjóður verzlunarmanna |
| • Svanhildur Skúladóttir | Nova ehf |
| • Trausti Guðmundsson | HugurAx |
| • Halldór Geir Jensson | Hátækni ehf |
| • Anna Þ. Backman | Parlogis |
| • Benedikt Ragnarsson | Olíuverslun Íslands hf |
| • Kristín Guðlaugsdóttir | Nordic Visitor ehf |
| • Rut Garðarsdóttir | Betware |
| • Hrönn Valdimarsdóttir | Debenhams |
| • Jóhann Þór Hopkins | Johan Rønning |
| • Guðrún Sigtryggsdóttir | Vátryggingarfélag Íslands |
| • Kristín Gísladóttir | Félagsstofnun stúdenta |
| • Kolfinna Birgisdóttir | Miðbæjarhótel/Central hotels |

Engar athugasemdir gerðar við þennan lista

4. Árshlutauppgjör 3. Ársfj. 2010

- HÁ kynnti uppgjórið. Rekstrartekjur umfram gjöld námu 19 milj. samanborið við 170 milj. rekstrartapi umfram gjöld árið 2009.

Helstu ástæður eru m.a. iðgjaldaaukning, sem er umfram áætlun sem nemur 92 milj., ásókn í sjúkrasjóð heldur áfram að minnka og er í 9 mánaða uppgjörinu 154 milj. minni en áætlanir gerðu ráð fyrir, þá er söluhagnaður einnig nokkur á árinu eða sem nemur 19 milj. Þá eru fjármagnsliðir í línu við fyrra ár en þess má geta að sýrivextir sem og verðbólga hafa lækkað mikið á tímabilinu. HÁ fór yfir fjárfestingastefnu félagsins í dag og lagði það til að henni yrði ekki breytt að svo stöddu, engar breytingar í ytra umhverfi kalla á slíkt. Hins vegar lagði hún til að stjórn myndi koma saman í janúar á nokkurs konar vinnufund, þar sem unnið yrði með viðhorfskönnun til að ákveða með fjárfestingastefnu félagsins til framtíðar.

Ragnar Þór yfirgaf fundinn kl. 19:00

5. Fjárhagsáætlun 2011

- HÁ kynnti drög að rekstaráætlun fyrir árið 2011. Áætlunin gerir ráð fyrir 46 milj. rekstrartapi fyrir fjármagnsliði. 9 mánaða uppgjör að viðbættir áætlun síðustu 3ja mánaða ársins 2010 gera ráð fyrir 24 milj. tapi. Hreinar tekjur til ráðstöfunar eru hins vegar áætlaðar 242 milj.

Helstu áhrifaþættir eru eftirfarandi:

Áætlun er iðgjaldaaukning sem nemur 16 milj., gert er ráð fyrir að greiðslur úr sjúkrasjóði og varasjóði standi í stað en lækki þó miðað við áætlun (v/síðustu 3ja mánaða ársins 2010) um 34 milj. Þá er kostnaður við rekstur orlofshúsa áætlaður hærri sem nemur 11 milj., vegna aukinna umsvifa hvað varðar sölu á afsláttarmiðum tengda flugi og öðru sem og auknar framkvæmdir tengdar endurnýjun á orlofshúsum. Útbreiðslu og félagsmál, sem og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er áætlaður að hækki nokkuð en það sem vegur þar þyngst er kostnaður vegna væntanlegra kosninga í stjórn, kosningar vegna kjarasamninga sem og lögfræðikosnaður vegna kjarasamningagerðar.

- Áætlun samþykkt einróma þó með þeirri breytingu að 3 milj. verði bætt við tekjur af miðasölu og einnig að 3 milj. verði bætt við tekjur af leigu orlofshúsa.

BSt yfirgaf fundinn kl. 20:00

6. Jólástyrkir VR 2010

- Tillaga frá KÖJ lögð fram – fskj. 1.
„Jólaaðstoð VR 2010

Stjórn VR að samþykkir að styrkja hjálparsamtök fyrir jólahátíðir árið 2010 og þannig leggi félagið sitt af mörögum til að hjálpa þeim sem minna mega sín.

Styrkirnir verði sem segir:

Mæðrastyrksnefnd, Hjálparstarf kirkjunnar og Reykjavíkurdéildir Rauða korss Íslands fái eina milljón tvöhudruð og fimmtíuþúsun króna framlag hvert en félögin munu auk sameinast um jólaaðstoð til landsmanna. Auk þess fái skrifstofur VR á Egilstöðum, Akranesi og Vestmanneyjum 500 þúsund krónur hver til að styrkja hjálparsamtök á þeirra svæði. Með þessu fjórframlagi muni fylgja ósk um gleðileg jól og farsæld á komandi ári til félagsmanna og landsmanna allra og ekki síst þeirra sem glíma við erfiðleika og veikindi.“

Tillagan samþykkt í kosningu.

7. Ungliðastarf VR

- Tillaga frá KÖJ. Lögð fram – fskj 3.

„Stjórn VR samþykkir að Hildi Mósesdóttur sé falið að leiða starfshóp hvers hlutverk er að gera tillögur um skipulag félagsstarfs yngri meðlima í VR á aldrinum 18-35 ára. Skilgreina þarf hlutverk starfsins og markmið sem og að tryggja að starfið sé í samræmi við lög og reglugerðir ASÍ almennt, en sérstaklega með vísan til 29. Gr. Sömu laga.

Hildi er jafnframt falið í samstarfi við Sviðsstjóra samskiptasviðs að fá til starfans fjóra fulltrúa á aldrinum 18-35 ára úr röðum trúnaðarráðsmanna og/eða trúnaðarmanna á vinnustöðum.

Skal starfshópurinn skila tillögum sínum og hugmyndum til stjórnar eigi síðar en 31. Mars 2011.“

Tillagan er einróma samþykkt í kosningu.

8. Innri og ytri málefni VR

- KÖJ upplýsir um að vegna óviðráðanlegra ástæðna hjá Guðmundi B. Ólafssyni lögfræðingi sé ekki hægt að afhenda lagabreytingatillögurnar á þessum stjórnarfundum. Fylgiskjal merkt 4 sýnir tölvupóst þess efnis frá Guðmundi til Kristins. Búast má við lagabreytingunum í þessari viku og að stefnan sé því sett á að halda framhaldsaðalfund þann 29. des. nk. til að taka fyrir þessar lagabreytingar.

KÖJ yfirgefur fundinn 21:45. ÁRJ tók við fundarstjórn.

Fundi slitið kl. 23:10.